

Nr. 46/1892:

Hið opinbera
gegn
Jóni Brandssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 21. nóvemberm. f. á., er hinn kærði, Jón Brandsson, bóndi í Vestra-Fíflholti í Vestur-Landeyjahreppi, dæmdur fyrir brot gegn lögum um vegi, 10. nóvembr. 1887, 27. gr. sbr. 296. gr. almennra hegningarlaga, í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin er ekki greidd í ákveðinn tíma, í 5 daga einfalt fangelsi; svo skyldi hann og greiða 11 kr. 77 a. fyrir viðgjörð á torfæru, er hann hefði gjört á alfaravegi, og allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. Dómi þessum er eptir ósk hins kærða og af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Á manntalsþingi í Vestur-Landeyjahreppi vorið 1891 var kvartað yfir því við sýslumann, að kærði hefði grafið skurð úr Fíflholtsfljóti vestur í gegnum tún sitt, þvert yfir alfaraveg gegnum túnið, og hlaðið í hlið á túngarði sínum, sem vegurinn liggur um, en vegur þessi tjáist notaður af mönnum úr suðvesturhluta hreppsins til þingstaðarins í Eystra-Fíflholti, og af þeim, er fara til sjáfar úr Fíflholtshverfinu. Sýslumaður skipaði kærða á þinginu, að taka úr hliðinu og gjöra brú yfir skurðinn, en kærði gegndi ekki þessari skipun, og lét þá sýslumaður gjöra brúna, sem kostaði 11 kr. 77 a., og höfðaði mál gegn kærða, sem lyktaði svo sem fyr segir.

Það verður eigi sjð af skýrslum málsins, að vegur hafi verið lagður af hinu opinbera á umræddum stað

yfir tún kærða eða, að nokkur lögleg heimild sje til þess, að opinber vegur liggja þar, og það virðist liggja næst að ætla, að alfaravegur sá, er málið ræðir um, sje eigi í öðru fölginn, en að umferð hafi verið leyfð eða látin ótalin fyrirfarandi yfir tún kærða, þangað til hann fyrir tveim árum tók að amast við henni og banna hana. En þar sem svo er ásatt, þá gat kærða ekki varðað við lög, þótt hann hlæði upp í túngarð sinn, þar sem leiðin lá um, og græfi skurð þann, er hann er kærður fyrir. Það ber því að sýkna hinn kærða algjörlega af kæru hins opinbera í máli þessu, bæði að því er snertir sekt málskostnað og skaðabætur.

Málskostnað bæði í hjerði og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannaþje, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert, að málið hefur legið óhæfilega lengi, að því er virðist, hjá undirdómaranum, eptir að búið var að birta yfirdómsstefnuna, en að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið vítalaus, og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jón Brandsson, á að vera sýkn af ákæru hins opinbera í máli þessu. Málskostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannaþje, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinsson og yfirjettarmálfutningsmanns Páls Einarssonar, 10. kr. til hvors þeirra.